

Fundur í Háskólaráði

Dags. 4. feb. 2021

Staður og tími: Teams kl. 13.00

Málsnúmer: 2008013

Fulltrúar HB: Margrét Jónsdóttir Njarðvík, Arney Einarsdóttir, Margrét Vagnsdóttir, Sigrún Lilja Einarsdóttir og Sævar Finnbogason.

Fulltrúar nemenda: Egill Örn Rafnsson, Júlíus Andri Þórðarson, Ragnheiður Sigurgeirsdóttir, Hlynur Finnbogason, Erna Kaaber og Sigurður Baldvin Friðriksson.

Áheyrnaraðilar: Hafsteinn Sæmundsson, Njörður Sigurjónsson og Stefán Kalmansson

Fjarverandi: Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, Vignir Már Sigurjónsson.

Dagskrá:

1. Fjármál skólans

Hafsteinn kynnti drög að rekstraryfirliti fyrir árið 2020. Vænt afkoma ársins lofar góðri niðurstöðu sem er skólanum mjög mikilvæg til að vinna á núverandi neikvæðu eigin fé. Afkoma skólans hefur farið batnandi síðustu ár og helstu skýringar á síðasta ári eru áframhaldandi fjölgun nemenda og viðbótarframlög frá ríkinu í tengslum við Covid aðgerðir. Umræður um fjárhagsstöðu skólans og hve mikilvægt er að nú sjáist fram á að komast út úr erfiðleikum undanfarinna ára. Hafsteini þakkað mikið og gott starf fyrir skólann. Hafsteinn vék af fundi.

2. Erindi frá nemendum

- Háskólagátt rædd. Síðasta vinnuhelgi gekk afar vel. 12-15 nemendur mættu á Bifröst sem gerði mikið. Tekið undir og ánægja með nemendahópinn.
- Þakkað fyrir gott skipulag varðandi námsmatsviku í febrúar. Mikilvægt fyrir nemendur að skipulagið sé tímanlegt og vel skipulagt og það hefur tekist vel.
- Álag hjá kennurum í þessu ástandi, sérstaklega í stórum námskeiðum. Allir þurfa að sýna skilning og almennt jákvæðir straumar frá nemendum.
- Minnt á Nýsköpunarsjóð námsmanna en umsóknarfrestur er að renna út. Fram kom að sótt verður um styrk af a.m.k. einum aðila á fundinum.
- Landþing LÍS verður haldið á Bifröst fyrstu helgina í mars.

3. Kynning frá nýjum formanni Nemendafélagsins

- Egill Örn er nýkjörinn formaður Nemendafélags Bifrastar. Hann fór yfir nokkur atriði í sinni sýn á starfið framundan. Er búsettur á Bifröst og vill beita sér fyrir aukinni búsetu á Bifröst - að fleiri nemendur kjósi að setjast þar að.

4. Fréttir frá rektor

- Gengið hefur verið frá samningi við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun um íbúðarhúsnæði á Bifröst. Gert er ráð fyrir að hluti íbúða verði seldur og öðrum komið í leigu sem fyrst.
- Í apríl tekur skólinn við því húsnæði sem hefur verið í leigu hótelhaldara, þ.e. Kringlu, Hátíðarsal og eldhúsi. Skapar tækifæri til aukinnar þjónustu á svæðinu.



- c. Farið hefur verið yfir drög að skýrslu vegna gæðaúttektar og skilað inn athugasemdum / ábendingum. Fundur rektors með gæðaráði íslenskra háskóla áætlaður 24. feb og í framhaldinu verður skýrslan birt. Vinna er hafin við stefnumótun fyrir skólann m.a. í tengslum við niðurstöður gæðaúttektar.
- d. Jafnréttisvika háskólana er þessa vikuna. Rektor ræddi áherslur um jafnrétti til náms fyrir alla og nefndi karlmenn og fólk erlendis frá í því sambandi.
- e. Hugarflugfundur var í síðustu viku um hvernig megi efla Bifröst sem samfélag.
- f. Útskrift fer fram 20. feb. Fyrirkomulag mun taka mið af Covid aðstæðum í samfélaginu.
- g. Ný heimasíða skólans hefur verið tekin í notkun.
- h. Ímyndarkönnun verður send út fljótlega sem áætlað er að verði gerð árlega.
- i. Eftirfylgni með virkni nemenda hefur verið eflað og sérstakt app tekið í notkun til að auðvelda kennurum að sinna sinni tilkynningaskyldu.
- j. Staða deildarforseta viðskiptadeildar var auglýst í janúar og bárust 14 umsóknir. Nýr deildarforseti tekur formlega við 1. ágúst.
- k. Rektor gerði grein fyrir helstu breytingum í starfsmannamálum skólans. Akademískar stöður verða auglýstar fljótlega.
- l. Helsta viðbótin í námsframboði næsta haust verður nám í áfalla og krústjórnun. Skapandi greinar verður boðnar sem BA gráða. Aðferðafræðin í grunnnámi verður sett í langa lotu. Minnt á að nú sé tíminn til að koma með ábendingar varðandi skipulag næsta skólaárs.

5. Önnur mál

- a. Háskólagátt á ensku hófst í janúar. Um 70 umsóknir en um 40 innritaðir. Fundarmenn lýstu ánægju sinni með framtakið.
- b. Minnt á að huga nánar að misvægi í stærð námskeiða – hvað megi gera þegar námskeið eru komin í 100 – 150 nemendur.
- c. Spurt um námsframboð í vali í sumarlotu.
- d. Rætt um fjölda fulltrúa meistaranema í Háskólaráði. Meistaraneimar (og Háskólagátt) með einn fulltrúa en þrjár fulltrúar nemenda úr grunnnámi.

Fundi slitið kl. 14:05

Fundarritari: Stefán Kalmansson